

Hegranes SK 2

Nýtt skip til Sauðárkróks

áþ-GÓ/Reykjavík. **Fyrir nokkru bættist Útgerðarfélagi Skagfirðinga skuttogari í skipastól sinn, en það er Hegranes SK2. Skipið er 46 metrar á lengd, 10,5 metrar á breidd og mældist um 460 brúttósmálestir. Í því er Crepell aðalvél, 1500 hp og Bouduen hjálparvél, 125 hp., til rafmagnsframleiðslu. Heildarverð skipsins með áorðnum breytingum mun vera um 360 milljónir.**

Togarinn er keyptur frá Lorient í Frakklandi, og var smíðaður í Póllandi 1975. Nýja Hegranesið kom frá Newcastle í Englandi, þar sem það hefur verið til breytinga og lagfæringa í rúman mánuð. Lest skipsins hefur verið breytt svo að hún henti notkun á kössum, og einnig þurfti að breyta íbúðum í samræmi við íslenzkar venjur, og mun skipið geta farið til veiða mjög fljótlega.

Skipstjóri er Sverrir Eðvaldsson og fyrsti stýrimaður Júlíus Skúlason. Fyrsti vélstjóri er Hannes Árnason. Framkvæmdastjóri Útgerðarfélags Skagfirðinga er Stefán Guðmundsson. Nýja Hegranesið kemur í stað togara, með sama nafni, sem seldur var s.l. vor Meitlinum h.f. í Þorlákshöfn.

Ný bók á 85 ára afmælinu:

Bernsku- og æskuminningar Gunnars Benediktssonar

JH-Reykjavík. — **Gunnar Benediktsson rithöfundur verður 85 ára gamall á sunnudaginn og samtímis kemur út ný bók eftir hann, í flaumi lífsins fljóta, og er það þriðja bókin þar sem Gunnar rekur Þætti úr lífi sínu í tveimur fyrri bókum af þessu tagi lýsti hann erfiðri lífsbaráttu og stríði sínu í þágu þeirra hugsjóna, sem hann hafði tileinkað sér og brutu mjög í bága við drottnandi sjónarmið í mannfélaginu. Í þessari nýju bók hverfur hann til bernsku sinnar og æskuára í því byggðarlagi, sem var hvað fjærst straumum nýrra vorboða í samfélaginu um síðustu aldamót, umflotið og sundurskorið af stórfljótum. Lýsir hann mannlífi í þessu umhverfi eins og það var á tímum sem aðeins örfáir muna og ekki er lengur til né á sér neina hliðstæðu.**

Í hinum umflotnu og sundurskornu hornfirzku bernskustöðvum fékk Gunnar fyrstu æfingu í að kljást við straumþunga lífsins, bæði beint og óbeint og bjarga sér óskömmuðum á líkama og sál, með dirfsku og gætni. En bók séra Gunnars er ekki aðeins lýsing á byggðarlagi. Hún er innlifun í líf ellefu barna fjölskyldu og lífsreynslu unglinga, sem verða á eigin ábyrgð að taka ákvörðun um, hvar leggja skuli í ólgandi vatnsflauma, þar sem um líf eða dauða gat verið að tefla í hverju fótmáli. Glíman við jökulvötn og óblíða náttúru stældi unglingana og gerði þá hæfari í lífsbaráttunni sem beið þeirra handan næsta leitis — í flaumi lífsins fljóta — en fjarri fer því að yfir frásögninni hvíli blær ógna og erfiðleika. Yfir henni allri er bjarmi bernskugleði og æskufagnaður í leik og starfi.



Gunnar Benediktsson.

Það er bókaútgáfan Örn og Örlygur, sem gefur bókina út.

41 myndlistarmaður sýnir á haustsýningu FÍM 1977

Haustsýning Félags íslenzkra myndlistamanna 1977 verður opnuð á Kjarvalsstöðum í dag kl. 15.00. Á þessari sýningu verða alls 123 myndlistarverk eftir fjörutíu og einn höfund. Af þessum myndlistarmönnum eru tuttugu og tveir félagar í FÍM en 19 utan félagsins. Nokkrir hinna síðarnefndu sýna nú myndir í fyrsta sinn á haustsýningu.



Að þessu sinni eru verk Guðmundar Bendiktssonar kynnt sérstaklega.

Myndlistaverkin á haustsýningu 1977 eru mjög fjölbreytt að stærð og gerð. Á sýningunni eru batikverk, myndvefnaður, keramikverk, glermyndir, grafík af ymsu tagi, krítarmyndir, olíumálverk, vatnslitamyndir, myndverk gerð með blandaðri tækni og höggmyndir.

Fyrir tveim árum var Louisa Matthíasdóttir listmálari sérstakur gestur haustsýningar FÍM, en í þetta sinn hefur sýningarnefnd félagsins valið verk Guðmundar Benediktssonar til kynningar.

Guðmundur Benediktsson myndhöggvari fæddist í Reykjavík árið 1920. Um þrítugt gerðist hann nemandi Ásmundar Sveinssonar í Myndlistarskólanum, sem nú er til húsa við Freyjugötu. Guðmundur hefur tekið þátt í fjölda myndlistarsýninga bæði hér heima og erlendis t.d. á Norðurlöndum, í Þýzkalandi og í Bandaríkjunum.

Haustsýning FÍM 1977 stendur frá 8.-23. október og er opin virka daga kl. 16.00-22.00, en laugardaga og sunnudaga kl. 14.00-22.00. Húsið er lokað á mánudögum.

Málflutningi í Geirfinns- og Guð

Dómurunum

Hversu mikinn hlut á uppeldi þeirra á

SJ-SSt Reykjavík. Við geðrannsóknir í Geirfinns og Guðmundarmálunum kom í ljós að fjögur ákærðu a.m.k. áttu ekki við of gott atlæti að búa í æsku. Þau eru frá heimilum í upplausn, áttu við agaleysi að búa, og á þeim bitnuðu afleiðingar hjónaskilnaða, drykkjuskapar og ýmissa vandræða. Hversu stóran hlut á uppeldið í afbrotum ungmennanna, sem nú eru ákærð fyrir sakadómi? — Fjórðungi bregður til fósturs, sagði verjandi Erlu Bolladóttur, Guðmundur Ingvi Sigurðsson fyrir réttinum í gær. — Þau ákærðu geta ekki borið ábyrgð á eigin uppeldi. Og máltækið segir að lengi búi að fyrstu gerð. Þetta vill Guðmundur Ingvi Sigurðsson að dómarar hafi í huga þegar þeir taka ákvörðun um örlög þessa ógæfusama æskufólks, sem þegar hefur hlotið þá refsingu að sitja í fangelsi í algerri einangrun mánuðum og árum saman.

Jón Oddsson lauk í gærmorgun vörn Sævars Ciesielski og krafðist algerrar sýknu honum til handa af morðinu á Geirfinni Einarssyni. Sævar hefði fjarverusönnun kvöldið, sem morðið á að hafa verið framið. Hann hefði farið á Kjarvalsstaði, ekið með móður sína upp í Breiðholt og verið kominn þangað um kl. 10, hann myndi efni úr kvikmynd, sem hefði verið í sjónvarpinu upp úr kl. 10.30.

Það hefði tálmað rannsókn Geirfinnsmálsins hvernig staðið var að frumrannsókninni í Keflavík. Henni hafi verið beint í ákveðnar áttir. Fimm ára gömul mynd af Geirfinni hafi verið birt þegar lýst var eftir honum. Hagir Geirfinns sjálfs hafi ekki verið nægilega kannaðir, það hafi ekki verið gert fyrr en síðar. Rannsóknin hafi beinzt í furðulegar áttir, m.a. til sjáenda í tveim fjarlægum löndum, og nú væri annar rannsóknarmannanna ákærður fyrir meint brot í störfum (ekki í Geirfinnsmáli).

Jón Oddsson gat þess að sígarettustubbar þeir sem fundust í húsi því, sem Erla Bolladóttir dvaldist í næturlangt í Keflavík, hafi verið af Winston gerð, en þau Sævar hefðu keypt Viceroy sígarettur.

Byggt á smáatriðum

Í rökstuðningi ákæruvaldsins telur verjandinn mikið lagt upp úr því að ýmis smáatriði gangi upp og bendir á að smáatriði hafi líka gengið upp í öllum þeim sögum, sem ákærðu hafa sagt og ekki hafa reynzt sannleikur.

Verjandi gagnrýndi hve mikil áherzla hefur verið lögð á frumkvæði Sævars, hann eigi t.d. að hafa stappað stálinu í félaga sína á heimleiðinni til Reykjavíkur og síðar, en hinir eiga að hafa verið meira og minna meðvitundarlausir. Finnst Jóni Oddssyni það ekki trúverðugt.

Eftir að Karl Schütz tók við rannsókninni hafi málið mjög verið einfaldað og fjármálatengsl ekki verið tekin með í reikninginn.

Ótrúlegt sé að Geirfinnur hafi talið að Sævar, Kristján Viðar og Guðjón væru Magnús Leópoldsson veitingahúseigandi og aðrir eigendur eða aðstandendur Klúbbsins. Sævar sé lítill fyrir mann að sjá og hafi verið til þess tekið hve illa hann hafi verið til fara á þessu tímabili.

Jón Oddsson gagnrýndi að skýrslur um fjarvistir Sævars hafi ekki fengið hljómgrunn hjá dómendum í málinu. Þegar hér var komið greip Sævar fram í réttarhöldin og kvaðst hafa skrifað dómsforseta bréf í maímánuði og það hafi ekki verið bókað.

Verjandi kvað það ekki sannað að Sævar hafi verið á varðbergi að afmá sönnunargögn, að hann hafi látið mánuðum saman hjá líða að ná í kápu Erlu, sem getið er í málsskjölum.

Annar bílstjórinn sem ók Erlu frá Keflavík, tók ekki eftir því að Erlu liði illa á nokkurn hátt, að sögn Jóns Oddssonar, og finnst honum það ekki stuðningur við að hún hafi dvalizt kápulaus í geymsluskúr, heldur hafi alveg eins getað verið um aðra ferð Erlu til Keflavíkur að ræða.

Ofskynjanir og draumar

Að sögn Sævars sjái Erla sýnir, hafi ofskynjanir og dreymi illa. Samstarfsstúlka hennar hafi tekið undir þetta og sagt að hún hafi frjótt ímyndunarafl, og erfitt sé að átta sig á hvenær hún sé að tala um eitthvað raunverulegt og hvenær ekki. Vísaði verjandi í bréf sem Erla skrifaði Sævari, þegar þau voru bæði í Síðumúlafangelsinu, og liggja fyrir í málinu.

Verjandi gat þess að rannsóknardómarar hefðu um skeið talið að ákærðu í Geirfinnsmáli væru róttæk í skoðunum og væri það ástæðan fyrir gerðum þeirra. Þetta telur hann stafa af því, að Karl Schütz hafi um skeið starfað að svonefndu Baader Meinhof máli í Þýzkalandi.

Verjandi lagði áherzlu á, að æska Sævars hefði verið erfið, og hann hefði lága greindarvísitölu.

Ævilangri fangelsisvist hefði ekki verið beitt hér á landi sem refsingu á þessari öld a.m.k.

Rannsóknarmenn í málum þessum hafi sætt harðri gagnrýni. Vitanlega hafi margt farið úrskeiðis við þær aðstæður sem þeir starfa og þeir séu ekki vanir að fást við svo umfangsmikið mál sem þetta. Hafa beri það hugfast, hver sem sannleikurinn kunni að vera um framkomu þeirra, að Sævari hafi fundizt að hann væri beittur harðræði og sér ekki trúað, og við þær kringumstæður hafi hann samsinnt ýmsu sem upp á hann sé borið.

Jón Oddsson gat þess að fjölskylda Sævars hefði orðið fyrir aðkasti vegna málsins og hefðu



Örn Clausen ver skjólstæðing sinn Albert Klahn.